

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

864. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 30. mars 2015 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Elín Jóna Rósinberg, aðalmaður, Unnur Valborg Hilmarsdóttir, aðalmaður, Elín R. Líndal, aðalmaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Fundarritari:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Dagskrá:

1. Fundargerð 373. fundar hafnarsambandsins frá 13.03.2015.
2. Fundargerð Almannav. nefndar Húnavatnssýslna frá 19.11.2014.
3. Beiðni um vatnstöku í sveitarfélaginu.
4. Bætur vegna förgunar á lítilli skilarétt á Neðra-Vatnshorni.
5. Efnistilboð vegna hitaveituf framkvæmda.
6. Frá Mílu vegna lagningu ljósleiðara með fram hitaveituf framkvæmdum.
7. Úrskurður nefndar skv. 7 gr. girðingarlagaga Engjabrekka - Þorgrímsstaðir 23 mars 2015.
8. Sóknaráætlun 2015 – 2019, styrki til menningarstarfs, atvinnuþróunar og nýsköpunar.
9. Ársfundur Umhverfisstofnunar 17. apríl nk.
10. Erindi frá Saman-hópnum.
11. Bréf frá Samtökum atvinnulífsins.
12. Bréf frá Tómasi Gunnari Sæmundssyni
13. Aðalfundur Veiðifélags Víðidalstunguheiðar mánudaginn 30. mars nk.
14. Sorphirða, urðun og lokun Syðri-Kárastaða.

Afgreiðslur:

1. Fundargerð 373. fundar hafnarsambandsins frá 13.03.2015. Lagt fram til kynningar
2. Fundargerð Almannav. nefndar Húnavatnssýslna frá 19.11.2014. Lagt fram til kynningar. Byggðarráð tekur undir bókun Almannavarnarnefndar um lélegt gsm símasamband í Húnavatnssýslum. Það er alvarlegt að ekki er hægt að koma viðvörun til almennings með smáskilaboðum vegna hættuástands. Ef rafmagn fer af verða mörg heimili símasambandslaus og ekki hægt að nota farsíma þar sem gsm samband er ekkert.
3. Beiðni um vatnstöku í sveitarfélaginu. Erindi frá Iceland Beverage Company um vatnstöku í sveitarfélaginu. Byggðarráð hafnar erindinu.

4. Lagt fram til kynningar bréf frá Þormóði Heimissyni sem sent var á Steinþór Arnarson lögfræðing Matís um bætur fyrir skilarétt sem héraðsdýralæknir óskar eftir að verði fargað vegna riðuveikistilfellis á Neðra-Vatnshorni.
5. Efnistilboð vegna hitaveituf framkvæmda. Efnistilboð vegna hitaveituf framkvæmda voru opnuð þann 24. mars sl. Tilboð eru svohljóðandi þegar leiðrétt hefur verið smávægileg reikniskekkja í tilboði Set ehf. í stálrör :

	Húsamiðjan/Ískraft	Set ehf.	Ísrör ehf.	Vatnsvirkinn	Isoplus/(Johann Rönning)	Kostnaðaráætlun
Stál	795.786	781.197	828.580	841.498	792.307	922.484
Pex	1.290.525	764.496	720.899	862.334	849.813	932.529

Hagstæðast m.v. matsforsendur útboðslýsingar er tilboð Set ehf í stálrör og tilboð Ísrör ehf. í pexrör.

Byggðarráð leggur til að lægstu tilboðunum sé tekið.

6. Bréf frá Mílu vegna lagningu ljósleiðara samhliða hitaveituf framkvæmdum. Þar sem ekki hefur komið fjármagn frá ríkisvaldinu í alþjónustusjóð, sbr. ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 40/2014, gerir Míla ráð fyrir að sveitarfélagið sjái um alla jarðvinnu við lagningu strengsins samhliða hitaveituf framkvæmdunum. Kostnaður Mílu er 490þ. og er innifalið í því vinna við tengingar á stofnstreng, heimtaugum og frágangur á tengiboxi inni í húsum. Enn fremur allt efni sem viðkemur verkinu s.s strengur, tengiefni bæði í húsum, simstöðvum, brunnum, eftirlit, hönnun og skráning. Míla greiðir 250 þúsund af þessum 490 þúsundum. Sá hluti sem eftir stendur greiðist af notendum. Sveitarstjóra er falið að kanna hver aðkoma alþjónustusjóðs verður í framkvæmdinni og/eða annað fjármagn frá ríkinu.
7. Úrskurður nefndar skv. 7. gr. girðingarlaga Engjabrekka – Þorgrímsstaðir frá 23. mars 2015 þar sem sveitarfélaginu er skylt að greiða 4/5 af nýframkvæmdum og viðhaldi eldri girðinga frá 1. janúar 2015. Lagt fram til kynningar.
8. Sóknaráætlun 2015 – 2019, styrkir til menningarstarfs, atvinnuþróunar og nýsköpunar. Lagt fram til kynningar.
9. Ársfundur Umhverfisstofnunar 17. apríl nk. Lagt fram til kynningar.
10. Erindi frá Saman-hópnum. Byggðarráð hafnar erindinu.
11. Bréf frá Samtökum atvinnulífsins þar sem hvatt er til þátttöku í kosningu formanns samtakanna og stjórn. Veitur Húnaþings vestra (vatnsveita og hitaveita) eiga samtals 8 atkvæði. Lagt fram til kynningar.
12. Bréf frá Tómasi Gunnari Sæmundssyni um hnitsetningu landamerkjanna í Húnaþingi vestra. Byggðarráð tekur vel í erindið og vísar því til fjárhagsáætlunar 2016.
13. Aðalfundur Veiðifélags Víðidalstunguheiðar mánudaginn 30. mars nk. Samþykkt að sveitarstjóri verði fulltrúi Húnaþings vestra á fundinum og oddviti til vara.
14. Sorphirða, urðun og lokun Syðri-Kárastaða. Byggðarráð samþykkir að leggja starfleyfi vegna urðunarstaðarins að Syðri-Kárastöðum inn og óska eftir ógildingu þess þar sem hætt verður að urða að Syðri-Kárastöðum 31. mars nk. Landleigu- og þjónustusamningi Húnaþings vestra og Urðunar ehf. frá 29. desember 2011 verður sagt upp frá og með 31. mars nk. og lýkur þá samningi aðila þann 31. mars 2016.

Samþykkt að taka á dagskrá:

15. Samvinna í úrgangsmálum - tilnefning fulltrúa í vinnuhóp. Byggðarráð samþykkir tillögu Magnúsar B. Jónssonar að fela Norðurá bs. samstarf með fulltrúum sveitarfélaga úr Eyjafirði og Þingeyjarsýslu og að Magnús B. Jónsson verði fulltrúi Norðurár. Norðurá bs. ber þá kostnað af þeirri vinnu og stjórn byggðasamlagsins kallar til samráðsfundar ef þau mál koma upp að leita þurfi samþykkis eða samráðs. Auk fulltrúa eigenda Norðurár bs. væru fulltrúar Húnaþings vestra boðaðir.
16. Svæðisáætlun Norðurlands vestra um drög að svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs. Byggðarráð felur umhverfisstjóra að yfirfara kaflann um Húnaþing vestra og senda á byggðarráð til staðfestingar.
17. Lagt fram aðalfundarboð Veidifélags Miðfirðinga, sem haldinn verður í Laxahvammi föstudaginn 10. apríl nk kl. 20:30. Samþykkt að sveitarstjóri verði fulltrúi Húnaþings vestra á fundinum og oddviti til vara.
18. Fundarboð á aðalfund Lánasjóðs íslenskra sveitarfélaga 17. apríl nk. kl. 15:30 í Salnum í Kópavogi. Lagt fram til kynningar.
19. Erindi frá starfsmanni Ungmennaráðs Húnaþings vestra þar sem óskað er eftir heimild til að nýta 70.000 kr. af því fjármagni sem ráðinu var úthlutaðu á fjárhagsáætlun 2015, til að greiða niður ferðakostnað og afþreyingu í fyrirhugaðri kynningarferð 9. og 10. bekkjar til Sauðárkróks í vor. Byggðarráð samþykkir erindið.
20. Málefni byggingarfulltrúa Húnaþings vestra. Verkfræðistofan Stoð ehf. hefur tekið að sér verkefni byggingarfulltrúa tímabundið.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl:15:50

Elín Jóna Rósinberg

Elín R. Líndal

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

Guðný Hrund Karlsdóttir